

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/44/EB

frá 19. september 1994

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 82/130/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/130/EBE frá 15. febrúar 1982 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilliti til tækniframfara sem hafa orðið er nauðsynlegt að aðlaga inntak samhæfðu staðlana sem um getur í viðauka A við tilskipun 82/130/EBE.

Með tilliti til eðlis framangreinds búnaðar þarf að kveða á um aðlögunartíma svo að iðnaðurinn geti lagað sig að breytingum á stöðlunum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit undirnefndar Öryggis- og heilbrigðisnefndarinnar fyrir námuvinnslu og annan námuíðnað sem sér um að laga tilskipun 82/130/EBE að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðauka A við tilskipun 82/130/EBE komi viðauki A við þessa tilskipun.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1995 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

2. Fram að 30. júní 2003 skulu aðildarríkin þó halda áfram að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 82/130/EBE að því er varðar búnað þar sem samræmi við samhæfða staðla er vottað með samræmisvottorðinu sem um getur í 8. gr. tilskipunar 82/130/EBE, að því tilskildu að þetta vottorð sé gefið út fyrir 1. janúar 1997.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 19. september 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Padraig FLYNN

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 59, 2. 3. 1982, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 1.

## VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

## SAMHÆFDIR STAÐLAR

Samhæfðu staðlarnir sem búnaður verður að samræmast, eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópu-staðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Vottorð sem eru gefin út á grundvelli staðlanna sem eru taldir upp hér á eftir skulu merkt „D-vottorð“. Bókstafurinn D skal standa fyrir framan raðnúmer hvers vottorðs um sig.

## EVROPUSTAÐLAR

(samdir af Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC), 35 Rue de Stassart, B-1050 Bruxelles)

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almenn ákvæði 1. breyting 2. breyting 3. og 4. breyting 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Júní 1982 Desember 1982 Febrúar 1986
EN 50015	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“ 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50016	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirþrýstingsumlykja „p“ 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50017	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“ 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50018	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“ 1. breyting 2. breyting 3. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1982 Nóvember 1985
EN 50019	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“ 1. breyting 2. breyting 3. breyting 4. breyting 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 September 1983 Desember 1985 Október 1989 Ágúst 1990
EN 50020	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“ 1. breyting 2. breyting 3. breyting 4. breyting 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1985 Maí 1990 Maí 1990 Maí 1990

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50028	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: innsteipt útfærsla „m“	1	Febrúar 1987
EN 50033	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: hjálmlugtir	2	Mars 1991“